

## Náttúruverndarstofnun

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegi 1-3,  
850 Hellu

Garðabær, 4. apríl 2025  
202503-0137/A.B.  
08.01

### **Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Hallstún**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Hallstún.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sem breytingin nær til er Hallstún spilda (L203254). Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en fyrirhugað er að breyta því í um 2,8 ha verslunar- og þjónustusvæði og deiliskipuleggja uppbyggingu á gistingu fyrir allt að 20 gesti í minni gestahúsum.

#### **Fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að áhrif á náttúrufar er metin neikvæð þar sem innan skipulagssvæðis er að finna vistgerðir með hátt verndargildi og er svæðið mikilvægt fuglasvæði. Auk þess segir að áhersla verður lögð á að staðsetning mannvirkja taki mið af útbreiðslu vistgerða og að núverandi gróðurhulu verður viðhaldið eins og kostur er.

Þar sem tillagan hefur áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi þarf að koma fram í kafla 3.2. hver er stefna sveitarfélagsins varðandi vernd vistkerfa.

Náttúruverndarstofnun bendir á að það er ekki einungis rask á gróðurhulu sem geta haft áhrif á búsvæði fuglategunda, heldur einnig geta framkvæmdir og mannvirki haft jaðaráhrif og geta haft áhrif á farleiðir fugla.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóuþræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

## Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun bendir á, eins og kemur fram í greinargerð, að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ<sup>2</sup> og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.<sup>3</sup>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sigrún Valgarðsdóttir

**sérfræðingur**

---

<sup>2</sup> <https://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/althjodlegar-skuldbindingar/>